

Þegar mig langaði til að vera ósýngjarn, sýndu þeir kotungslega sítingssæmi. Þegar eg bar fram beztu hugsanir mínar, drógu þeir þær niður í skarnið.

„Mig langaði til að vera þjóðrækin maður. Föðurlandsástin hélt eg væri ein göfugasta dygð í fara mannanna. Nú er lítið orðið eftir af henni hjá mér. Eg get ekki sagt, að eg elski landið. Hér hefi eg barist og brotist um af öllum kröftum. En eg hefi átt við ofurefni náttúrunnar að etja. Hér hefi eg slitið kröftum, svo nú er eg orðinn skar. Og árangurinn sama sem enginn. Alls staðar myndi hann hafa verið meiri.

„Eg elskaði þjóðina og langaði til að verða henni að gagni. En hún hefir angrað mig, en sjaldan glatt. Undirferli, bakmælggi og öfund hefir komið í hæla mér, hvar sem eg hefi farið. Eg hefi oft hugsað um að flýja landið og fara til Ameríku. En eg hefi þó aldrei látið af því verða.

„Eg hefi vitað fyrir víst, að hið sama myndi verða uppi á tening þar. Því aldrei hefði eg getað lifað, nema í íslenzku mannfélagi. Svo náin tengsl binda mig við mína óláns-bræður. Það hefi eg einlægt fundið. Vel hefi eg vitað, að lengra eg lengra myndi þeir draga mig út í ólánið. En frá þeim hefði eg aldrei getað slitið mig. Það er ekki kærleikur. Það er náttúrulögmál, sem eg sæ ekki ráðið við.

„Nei, eg elska ekki landið, eg elska ekki þjóðina, eg elska ekkert íslenzkt,—held eg. Landið er lakasta land, sem mennirnir byggja. Þjóðin er spilt,—gjörspilt og er þeim ávalt verst, sem vilja henni bezt.

„Ef það væri nokkuð íslenzkt, sem mér enn þætti vænt um, held eg það sé málið, sem við tölum, íslenzkan. Eftir því sem eg hefi meir um